

**Nd.** **495. Frumvarp til laga** [206. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

**1. gr.**

1. málsg. 6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaптúnunum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.